AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004. Ný brautalýsing aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari kemur í stað texta á bls. 1670 í B-deild Stjórnartíðinda 2004 í brautalýsingum hönnunar- og handverksgreina, gull- og silfursmíði (GS9).

2. gr.

Ný brautarlýsing fyrir námsbraut í gull- og silfursmíði verður sem hér segir:

Gull- og silfursmíði (GS8) **170 ein.**

Iðnnám á verknámsbraut

Gull- og silfursmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm anna nám í skóla og 72 vikna starfsþjálfun á vinnustað. Meginmarkmið námsins er að nemendur verði færir um að annast gerð skartgripa, listmuna og nytjahluta úr gulli, silfri og öðrum málmum allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru sem og að annast viðgerðir. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar		**23 ein.**
Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	ENS 102 DAN 102 + 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 2 ein.	2 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 + 1 ein.	5 ein.
Sérgreinar		**75 ein.**
Efnisfræði gull- og silfursmiða	EFG 102	2 ein.
Fríhendisteikning	FHT 102	2 ein.
Grunnteikning	GRT 103	3 ein.
Hönnun í gull- og silfursmíði	HÖG 103 203	6 ein.
Leturgröftur	LET 103	3 ein.
Listasaga gull- og silfursmiða	LIG 103	3 ein.
Silfursmíði	SIL 105	5 ein.
Síselering	SÍS103	3 ein.
Steinafræði	STF 102	2 ein.
Steinaísetning	STÍ 105	5 ein.
Störf og starfsumhverfi gull- og silfursmiða	STG 101	1 ein.
Tölvustudd hönnun	TÖH 103 202	5 ein.
Tölvutækni í hönnun og markaðssetningu	TÖG 102 202	4 ein.
Verkleg gull- og silfursmíði	VGS 109 204 304 404	21 ein.
Víravirki	VÍR 105	5 ein.
Val nemanda/skóla		5 ein.
Starfsþjálfun 72 vikur		**72 ein.**

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám samkvæmt nýrri brautarlýsingu hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám í gull- og silfursmíði á grundvelli fyrri brautalýsinga aðalnámskrár framhaldsskóla er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

Menntamálaráðuneytinu, 11. júlí 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.